

---

**SAMNINGUR UM VEITINGU**  
**ÁBYRGÐA VEGNA VIÐBÓTARLÁNA**

---

milli

**SEÐLABANKA ÍSLANDS**

og

**ÍSLANDBANKA HF.**

**7. maí 2020**

Eftirfarandi aðilar gera með sér svohljóðandi samning :

Annars vegar:

Seðlabanki Íslands

kt. 560269-4129

Kalkofnsvegi 1,

150 Reykjavík.

(hér eftir „**Seðlabankinn**“)

og

hins vegar

Íslandsbanki hf.,

kt. 491008-0160,

Hagasmára 3

201 Kópavogur

(hér eftir „**Íslandsbanki**“ eða „**bankinn**“)

## **1. INNGANGUR**

- 1.1 Með fjáráukalögum fyrir árið 2020, sbr. fjáráukalög nr. 26/2020 og bráðabirgðaákvæði í lögum um ríkisábyrgðir, sbr. breytingar með lögum nr. 25/2020, var fjármála- og efnahagsráðherra veitt heimild til að veita ríkisábyrgð á hluta af viðbótarlánum sem lánastofnanir veita til fyrirtækja vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og að settum skilyrðum uppfylltum. Lánastofnun er fyrirtæki sem tekur á móti innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veitir lán fyrir eigin reikning sbr. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki.
- 1.2 Heimildin nær til þess að veita lánastofnunum ábyrgð ríkissjóðs vegna viðbótarlána þeirra til fyrirtækja sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Heildarábyrgð ríkissjóðs vegna viðbótarlána til allra lánastofnana getur numið allt að 50 ma.kr. Ábyrgðunum er ætlað að liðka fyrir aðgangi fyrirtækja, þá sérstaklega smárra og meðalstórra fyrirtækja sem standa frammi fyrir tímabundnum rekstrarvanda vegna heimsfaraldursins að lausu fé og draga þannig úr áhrifum faraldursins á atvinnulíf og atvinnustig. Lán með ábyrgð ríkissjóðs geta nýst til að greiða fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækis.
- 1.3 Ráðherra var í fyrirnefndum ákvæðum heimilað að semja við Seðlabanka Íslands um að annast framkvæmdina gagnvart lánastofnunum. Jafnframt kemur þar fram að í samningi fjármála- og efnahagsráðherra og Seðlabankans skuli greina nánar frá skilyrðum viðbótarlána með ábyrgð ríkisins, meðal annars um að lántaki greiði ekki arð eða kaupi eigin hluti á meðan ríkisábyrgðar nýtur við, og skilyrðum sem lánastofnanir skuli uppfylla, skiptingu ábyrgða milli lánastofnana, hvernig tryggja megi að fyrirgreiðsla lánastofnana byggist á skýrum, málefnalegum og gagnsæjum forsendum sem leiði til jafnræðis þeirra fyrirtækja sem leita eftir fyrirgreiðslu og hvernig reglubundinni skýrslugjöf skuli háttáð.

- 1.4 Hinn 17. apríl 2020 var undirritaður samningur milli fjármála- og efnahagsráðherra og Seðlabankans um að Seðlabankinn annist framkvæmd á veitingu ábyrgða ríkissjóðs gagnvart lánastofnunum vegna viðbótarlána þeirra til fyrirtækja vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.
- 1.5 Með vísan til framangreindra lagaákvæða veitti fjármála- og efnahagsráðherra Seðlabankanum umboð með fyrrgreindum samningi til að ábyrgjast f.h. ríkissjóðs viðbótarlán lánastofnana til fyrirtækja, eins og nánar greinir og með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í samningi þessum. Seðlabankinn ber ekki ábyrgð á greiðslum sem kunna að falla á ríkissjóð á grundvelli ábyrgðanna.
- 1.6 Seðlabankanum var með samningi við ráðherra falið að semja við lánastofnanir um veitingu viðbótarlána með ábyrgð ríkissjóðs. Samkvæmt þeim samningi er gert ráð fyrir að í samningum Seðlabankans við lánastofnanir komi fram að lánastofnanir skuli fara að lögum, reglum og samningum um ábyrgðir ríkissjóðs. Þá skuli í samningunum greint frá umfangi lána sem þær geta veitt með ábyrgð ríkissjóðs og ábyrgðarhlutfalli, skilyrðum fyrir veitingu viðbótarlána, uppgjöri ábyrgða og upplýsingagjöf eins og nánar greinir í samningi þessum.
- 1.7 Með samningi þessum er skapaður grundvöllur fyrir því að hrinda ofangreindu efnahagsúrræði vegna kórónaveirufaraldursins í framkvæmd með þeim skilyrðum sem fram koma í fyrrgreindum lagaákvæðum, samningi fjármála- og efnahagsráðherra við Seðlabankann og samningi þessum milli Seðlabankans og Íslandsbanka.

## **2. ÁBYRGÐ RÍKISSJÓÐS**

- 2.1 Heildarábyrgð ríkissjóðs gagnvart Íslandsbanka vegna viðbótarlána bankans til fyrirtækja skal að hámarki nema samtals 16 ma.kr.
- 2.2 Ábyrgðin tekur til allt að 70% af höfuðstól þeirra viðbótarlána sem njóta ábyrgðar í samræmi við ákvæði samnings þessa.

## **3. SKILYRÐI FYRIR VEITINGU ÁBYRGÐAR**

- 3.1. Heimilt er að veita ábyrgðir vegna nýrra viðbótarlána til fyrirtækja, þ.e. lögaðilla og eftir atvikum manna sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sem bera hér á landi fulla og ótakmarkaða skattskyldu í skilningi laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
- 3.2. Ábyrgðir taka eingöngu til lána til fyrirtækja í lausafjárþörf sem verða fyrir verulegu og ófyrirséðu tekjutapi árið 2020. Þetta á við þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
  - 3.2.1. Tekjutap fyrirtækis er ófyrirséð og nemur að lágmarki 40% og unnt er með rökstuddum hætti að rekja það beint eða óbeint til heimsfaraldurs kórónuveiru eða ráðstafana sem honum tengjast að mati Íslandsbanka. Við mat á tekjutapi er t.a.m. unnt að horfa til tekna sömu mánaða eða tímabils undangengins árs og tekna samliggjandi mánaða innan ársins 2020. Það skal teljast nægjanlegur rökstuðningur að vísa til opinberra fyrirmæla eða ferðatakmarkana þar sem rökstudd tengsl eru milli tekjutaps og fyrirmælanna. Liggi endanlegur og samþykktur ársreikningur vegna

ársins 2019 ekki fyrir er Íslandsbanka heimilt að styðjast við ársreikning 2018 eða önnur þau gögn sem tiltæk eru og eru fullnægjandi til slíks mats að mati bankans.

- 3.2.2. Fyrir liggja að Íslandsbanki hafi gripið til allra þeirra úrræða sem bankinn gripi til undir venjulegum kringumstæðum, m.a. samkvæmt útlánareglum eins og þær voru áður en heimsfaraldur kórónuveiru reið yfir, til að leysa lausafjávanda fyrirtækis til að viðhalda rekstri þess og að fyrirtæki uppfyllir ekki skilyrði sem alla jafna væru sett fyrir frekari lánveitingum af hálfu Íslandsbanka ef ekki kæmi til ábyrgð ríkissjóðs. Heimilt er að horfa til tekjutaps og annarra úrræða sem fyrirtæki hefur notið frá Íslandsbanka á samstæðugrunni. Gert er ráð fyrir að Íslandsbanki hafi og muni gera breytingar á útlánareglum sínum vegna áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru og geti m.a. sett sérstök skilyrði í útlánareglur bankans til að afmarka hvernig umsóknir um viðbótarlán skuli afgreiddar, sbr. kafli 6.
- 3.3. Viðbótarlánveiting takmarkast við fyrirtæki þar sem launakostnaður var a.m.k. 25% af heildarútgjöldum undangengins árs. Liggja endanlegur og samþykktur ársreikningur vegna ársins 2019 ekki fyrir er Íslandsbanka heimilt að styðjast við ársreikning 2018 eða önnur þau gögn sem tiltæk eru og eru fullnægjandi til slíks mats að mati bankans. Varðandi launakostnað er fullnægjandi að miða við upplýsingar sem fram koma á launaframtali fyrirtækisins eða staðfestingu úr öðrum opinberum gögnum.
- 3.4. Viðbótarlánveiting skal teljast mikilvæg forsenda þess að fyrirtækið geti viðhaldið rekstrarhæfi sínu þrátt fyrir tímabundið tekjutap. Óheimilt er að nota viðbótarlánveitinguna til að endurfjármagna eldri lán eða nota í annað en almennan rekstrarkostnað fyrirtækisins. Til almenns rekstrarkostnaðar teljast t.a.m. laun og launatengd gjöld, rekstraraðföng, húsaleiga og gjaldfært viðhald.
- 3.5. Skilyrði ábyrgðar er að Íslandsbanki telji líklegt eða líkur til að fyrirtæki geti orðið rekstrarhæft þegar dregur úr áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru. Í því felst m.a. að Íslandsbanki metur hvort fyrirtækið væri rekstrarhæft við venjulegar markaðsaðstæður, þ.e. ef ekki væri fyrir heimsfaraldur kórónuveiru. Auk fyrrnefndra skilyrða gilda ákvæði viðauka I um fyrirtæki í erfiðleikum í skilningi EES-réttar við mat á rekstrarhæfi. Íslandsbanki getur óskað yfirlýsingar fyrirtækisins um að fyrirtækið geti staðið í skilum við lánardrottna sína þegar dregur úr áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru. Mat bankans á rekstrarhæfi miðast við þær upplýsingar og áætlanir sem liggja fyrir þegar ákvörðun um lánveitingu er tekin.
- 3.6. Fyrirtæki skal, í lánsamningi við Íslandsbanka, staðfesta, með yfirlýsingu endurskoðanda þegar unnt er að afla slíkrar yfirlýsingar, að frá 1. mars 2020 hafi ekki verið greiddur út arður, óumsamdir kaupaukar, keypt eigin hlutabréf eða veitt eða greidd lán til eigenda eða nákominna aðila, eða innt af hendi greiðsla á víkjandi láni fyrir gjalddaga, eða greiddar neinar þær greiðslur til eigenda eða nákominna aðila sem ekki eru nauðsynlegar til að viðhalda rekstri og rekstrarhæfi félagsins. Fyrirtækið skal jafnframt skuldbinda sig til þess að svo verði ekki út þann tíma sem ábyrgðar ríkissjóðs nýtur við. Hugtakið nákominn aðili skal túlkað til samræmis við 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Leggja skal mat á fyrrnefnd atriði á samstæðugrunni.

- 3.7. Í lánasamningi lántaka við Íslandsbanka skulu vera hefðbundin ákvæði varðandi lántaka t.d. bann við frekari lántökum og veitingu ábyrgða, veðsetningarbann, tryggingarbann, eigendaskipti að lántaka, greiðslu annarra skuldbindinga, bann við sölu eigna, bann við sameiningu eða uppskipti í fleiri félög, bann við breytingu á starfsemi og tilgangi lántaka, starfsleyfi, váttryggingar o.s.frv. Í viðauka II er form að lánaskilmálum Íslandsbanka sem er gert ráð fyrir að verði lagðir til grundvallar.

#### **4. LÁNSTÍML, LÁNSKIÖR OG LÁNSFJÁRHÆÐIR**

- 4.1. Hámarksfjárhæð á viðbótarláni til einstakra fyrirtækja getur numið tvöföldum árslaunakostnaði viðkomandi fyrirtækis á næstliðnu ári, þó að hámarki 1,2 ma.kr. Liggi endanlegur og samþykktur ársreikningur vegna ársins 2019 ekki fyrir er Íslandsbanka heimilt að styðjast við ársreikning 2018 og önnur þau gögn sem tiltæk eru og eru fullnægjandi til mats á launakostnaði að álit bankans. Ef fyrirtæki er nýstofnað er unnt að horfa til áætlaðs launakostnaðar næstu 2 ára samkvæmt mati Íslandsbanka.
- 4.2. Íslandsbanki tekur ákvörðun um kjör og skilyrði viðbótarlánsins. Lánskjör Íslandsbanka skulu þó bera þess merki að bankinn ber aðeins hluta áhættu við veitingu lánsins. Í því skyni að tryggja að stuðningur ríkisins gangi eins og frekast er unnt til fyrirtækja skal bankinn leggja mat á og geta rökstutt að lánskjör séu hagstæðari sökum ábyrgðarinnar, t.a.m. í samanburði við lán sem veitt er án ábyrgðar, og þá jafnframt með vísan til lækkunar stýrivaxta og bankaskatts.
- 4.3. Viðbótarlán með ábyrgð ríkisins skulu veitt á árinu 2020. Ábyrgð ríkissjóðs fellur niður eigi síðar en að 30 mánuðum liðnum frá veitingu lánsins.

#### **5. ÁHÆTTUÁLAG**

- 5.1. Íslandsbanki skal standa ríkissjóði skil á áhættuálagi vegna þess hluta höfuðstóls hvers viðbótarláns sem nýtur ábyrgðar. Íslandsbanki getur látið áhættuálagið endurspeglast í þeim kjörum sem lántaki nýtur við lántökuna. Álagið reiknast á ársgrunni og skal nema 0,10% hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum en 0,30% hjá stórum fyrirtækjum. Um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum fer eftir lögum um ársreikninga nr. 3/2006.
- 5.2. Áhættuálagið skal gert upp mánaðarlega með greiðslu í ríkissjóð. Íslandsbanki skal senda Seðlabanka Íslands skilagrein með nánari sundurgreiningu á álögðu áhættuálagi fyrir lok hvers mánaðar. Greiðsla samkvæmt skilagrein Íslandsbanka skal innt af hendi fyrir 5. næsta mánaðar inn á reikning ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands.

#### **6. VERKLAG VIÐ VEITINGU ÁBYRGÐA OG SKULDBINDINGAR ÍSLANDSBANKA**

- 6.1. Lántakar sækja um viðbótarlán til Íslandsbanka með venjubundnum hætti og samkvæmt reglum Íslandsbanka þar um. Íslandsbanki vinnur að lánaumsókn lántaka í samræmi við almennar lánareglur bankans og samning þennan. Fallist Íslandsbanki á lánaumsókn lántaka fer með útgreiðslu lánsins með sama hætti og varðandi önnur lán bankans gagnvart viðskiptamönnum sínum. Íslandsbanki skal senda Seðlabanka Íslands yfirlit og frekari

upplýsingar um veitt viðbótarlán sem njóta ríkisábyrgðar samkvæmt samningi þessum fyrir lok hvers mánaðar. Nánara verklag og gögn sem fylgja skulu yfirliti um samþykkt viðbótarlána með ríkisábyrgð mun Seðlabankinn senda Íslandsbanka fyrir lok næsta mánaðar eftir undirritun samnings þessa.

- 6.2. Viðbótarlán Íslandsbanka samkvæmt samningi þessum skulu veitt á skýrum, málefnalegum og gagnsæjum forsendum sem stuðla að jafnræði þeirra fyrirtækja sem leita eftir fyrirgreiðslu. Íslandsbanki telst hafa fullnægt ákvæði þessu svo fremi að bankinn fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru í lögum og reglum sem um bankann gilda ásamt stefnumiðum um samfélagslega ábyrgð sem bankinn hefur sett sér. Einnig skal Íslandsbanki fullnægja almennum kröfum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
- 6.3. Íslandsbanki skal tryggja að lögbundin og samningsbundin skilyrði séu uppfyllt í tilviki hvers lántaka í samræmi við samnings þennan og almennt verklag Íslandsbanka við lánveitingar. Ríkisábyrgð viðbótarlána samkvæmt samningi þessum tekur því gildi að undangengnu mati Íslandsbanka á því að skilyrðum fyrir lánveitingu með ríkisábyrgð séu uppfyllt í tilviki hvers lántaka. Mat bankans á því verður ekki tekið til endurskoðunar. Ríkisábyrgð fellur þá og því aðeins niður að bankinn hafi gerst brotlegur við lög eða eigin reglur í framkvæmd einstakra lánveitinga.

## **7. UPPGIÖR ÁBYRGÐA**

- 7.1. Ríkissjóður ber ábyrgð á tapi af höfuðstól vegna hvers viðbótarláns í samræmi við ábyrgðarhlutfall.
- 7.2. Við greiðslur af hverju viðbótarláni lækkar fjárhæð ábyrgðar ríkissjóðs hlutfallslega á viðkomandi viðbótarláni Íslandsbanka.
- 7.3. Ábyrgð ríkissjóðs gagnvart Íslandsbanka vegna viðbótarlána bankans til fyrirtækja á grundvelli samnings þessa er einföld ábyrgð. Íslandsbanki skal nýta hefðbundin úrræði til að endurheimta viðbótarlán í vanskilum og skal ábyrgð ríkissjóðs verða virk við höfðun máls, þ.e. við birtingu stefnu, vegna vanefnda fyrirtækis á ákvæðum lánssamningsins enda hafi málið verið höfðað innan gildistíma ábyrgðar, sbr. grein 4.3. Greiðsluskylda ríkissjóðs verður virk gagnvart Íslandsbanka þegar innheimta viðbótarlánsins er árangurslaus og fullreynt að ekki fáist greiðsla frá lántaka. Verði endurheimtur á viðbótarláni eftir að greiðsluskylda ríkissjóðs varð virk á ríkissjóður endurgreiðslukröfu á hendur Íslandsbanka í samræmi við ábyrgðarhlutfall. Greiðslur lántaka renna fyrst til greiðslu innheimtukostnaðar, svo til greiðslu vaxta og þá afborgana af höfuðstól.
- 7.4. Íslandsbanki skal senda Seðlabankanum formlega tilkynningu um greiðsluskyldu ríkissjóðs gagnvart bankanum á grundvelli ábyrgðar ríkissjóðs samkvæmt samningi þessum. Gögn um að innheimta viðbótarlánsins hafi verið árangurslaus skulu fylgja tilkynningunni.
- 7.5. Uppgjör ábyrgða, þar sem greiðsluskylda ríkissjóðs hefur orðið virk skv. grein 7.3 og 7.4, skal eiga sér stað milli ríkissjóðs og Íslandsbanka á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. janúar 2021.

## **8. SKIL Á UPPLÝSINGUM OG ÁRANGURSMAT**

- 8.1. Við undirbúning samnings þessa hefur Íslandsbanki skilað upplýsingum um mat á stöðu lánasafna bankans með hliðsjón af núverandi aðgerðum stjórnvalda, áætlun um þær aðgerðir sem bankinn hyggst fara í á eigin forsendum til að styðja við sína viðskiptavini, auk mats á þörf fyrir stuðning ríkisins í formi ábyrgða til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt í samningi þessum.
- 8.2. Íslandsbanki mun veita Seðlabankanum þær upplýsingar sem Seðlabankinn óskar eftir á hverjum tíma sem nauðsynlegar eru vegna veittra viðbótarlána með ábyrgð ríkissjóðs. Jafnframt mun Íslandsbanki veita Seðlabankanum reglulega upplýsingar á samræmdu formi, þar sem fram koma lykilupplýsingar um nýtingu úrræðisins, stöðu og þróun lánasafna viðbótarlána með ábyrgð ríkissjóð auk lýsigagna. Seðlabankinn mun vinna samantekt úr þessum skýrslum Íslandsbanka og láta fjármála- og efnahagsráðuneytinu í té.
- 8.3. Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun, á grundvelli upplýsinga sem Seðlabankinn móttækur frá Íslandsbanka, birta opinberlega upplýsingar um lántaka sem njóta ábyrgðar, innan 12 mánaða frá því lán með ábyrgð er veitt. Íslandsbanki skal varðveita öll gögn vegna viðbótarlána með ábyrgð ríkissjóðs í 10 ár. Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun jafnframt hafa með höndum skýrslugjöf til Eftirlitsstofnunar EFTA í tengslum við ábyrgðarkerfið.

## **9. EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD**

- 9.1. Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum um ríkisábyrgðir skal fjármála- og efnahagsráðherra skipa nefnd til að hafa eftirlit með framkvæmd ákvæðisins. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu á málefnum fjármálamarkaðar. Forsætisráðherra tilnefni einn nefndarmann, samstarfsnefnd háskólastigsins einn og skal einn skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.
- 9.2. Nefndin getur kallað eftir upplýsingum og gögnum um framkvæmd ákvæðisins bæði frá Seðlabankanum og Íslandsbanka. Nefndin skal skila ráðherra skýrslu um framkvæmdina á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn fyrir 1. nóvember 2020, en jafnframt skal hún upplýsa ráðherra án tafar ef hún verður vör við brotalamir í framkvæmdinni. Ráðherra skal leggja skýrslur nefndarinnar fyrir Alþingi. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnslulaga.

## **10. BREYTINGAR OG VIÐBÆTUR VIÐ SAMNING ÞENNAN**

- 10.1. Hvers kyns breytingar eða viðbætur við samning þennan skulu gerðar skriflega og vera undirritaðar af báðum samningsaðilum.

## **11. GILDISTAKA OG ÖNNUR ÁKVÆÐI**

- 11.1. Aðilar munu vinna að því að úrræði það sem samningi þessum er ætlað að koma á gagnist þeim fyrirtækjum sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, þannig að samræmist reglum sem bankinn setur sér um lánveitingar.

- 11.2. Seðlabankinn áformar að ganga til samninga við lánastofnanir eins og greinir í samningi þessum. Seðlabankinn skuldbindur sig til að veita Íslandsbanka aðgang að slíkum samningum og skuldbindur sig jafnframt til að breyta ákvæðum samnings þessa, að ósk Íslandsbanka, til samræmis við ákvæði annarra samninga sem eru að mati Íslandsbanka hagfelldari en ákvæði þessa samnings, sbr. grein 10.1 í samningi þessum
- 11.3. Aðilar skulu sjálfir bera kostnað og útgjöld sem þeir stofna til í tengslum við samning þennan, framkvæmd hans og þær ráðstafanir sem hér um ræðir.
- 11.4. Samningur þessi lýtur íslenskum lögum. Ákvæði samningsins skulu vera túlkuð og þeim framfylgt í samræmi við íslensk lög.
- 11.5. Ágreiningsmál sem tengjast samningi þessum lúta lögsögu íslenskra dómstóla og skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 11.6. Samningur þessi ásamt viðaukum I - II sem eru óaðskiljanlegir hlutar samnings aðila, inniheldur heildarsamkomulag aðila um samningsefnið og þau úrræði sem um ræðir. Samningurinn gildir frá undirritun.

Samningur þessi er samtals 8 blaðsíður ásamt 2 viðaukum.

Til staðfestu framangreindu og með fullri heimild undirrita aðilar samning þennan.

Reykjavík, 7. maí 2020

---

**f.h. Seðlabanka Íslands**

---

**f.h. Íslandsbanka hf.**



## Viðauki I - Fyrirtæki í erfiðleikum í skilningi EES-réttar

Ábyrgð vegna viðbótarláns verður ekki veitt ef fyrirtækið sem um ræðir var í fjárhagserfiðleikum 31. desember 2019. Fyrirtæki telst hafa verið í fjárhagserfiðleikum á þeim tímapunkti ef a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt, samanber skilyrði í tímabundnum reglum um ríkisaðstoð til stuðnings hagkerfisins vegna yfirstandandi heimsfaraldurs, frá 19. mars 2020:

- i. Um er að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð og bókfært eigið fé þess, samkvæmt viðurkenndum reikningsskilaaðferðum, er orðið lægra en nemur helmingi innborgaðs hlutafjár að meðtöldum yfirverðsreikningi.
- ii. Um er að ræða félag þar sem a.m.k. einn aðili ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins og bókfært eigið fé þess, samkvæmt viðurkenndum reikningsskilaaðferðum, er orðið lægra en nemur helmingi innborgaðs hlutafjár að meðtöldum yfirverðsreikningi.
- iii. Um er að ræða fyrirtæki sem sætir gjaldþrotameðferð eða uppfyllir skilyrði um að vera tekið til gjaldþrotameðferðar að beiðni kröfuhafa.
- iv. Um er að ræða fyrirtæki sem hefur fengið björgunaraðstoð í skilningi leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um björgun og endurskipulagningu fyrirtækja, og hefur enn ekki endurgreitt lánið eða aflétt ábyrgðinni eða hefur fengið aðstoð til endurskipulagningar og er því enn bundið af samþykktri áætlun um endurskipulagningu.
- v. Eftirtalin skilyrði hafa átt við síðustu tvö reikningsár:
  - a) hlutfall milli bókfærðra skulda fyrirtækisins og eigin fjár hefur verið hærra en 7,5 og
  - b) hagnaður fyrir afskriftir og vexti (EBITDA) nemur lægri fjárhæð en nettófjármagnskostnaður ársins.

Skilyrði (i) og (ii) eiga ekki við um fyrirtæki sem er lítið eða meðalstórt, hafi starfsemi þess staðið yfir í þrjú ár eða skemur. Skilyrði (v) á ekki við um fyrirtæki sem er lítið eða meðalstórt.

Um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum fer eftir lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

**Viðauki II – Form af lánaskilmálum Íslandsbanka hf.**

---

**SAMNINGUR UM VEITINGU**  
**ÁBYRGÐA VEGNA VIÐBÓTARLÁNA**

---

milli

**SEÐLABANKA ÍSLANDS**

og

**ARION BANKI HF.**

**11. maí 2020**

Eftirfarandi aðilar gera með sér svohljóðandi samning :

Annars vegar:

Seðlabanki Íslands

kt. 560269-4129

Kalkofnsvegi 1,

150 Reykjavík.

(hér eftir „**Seðlabankinn**“)

og

hins vegar

Arion banki hf.,

kt. 581008-0150,

Borgartúni 19,

105 Reykjavík

(hér eftir „**Arion banki**“ eða „**bankinn**“)

## **1. INNGANGUR**

- 1.1 Með fjáráukalögum fyrir árið 2020, sbr. fjáráukalög nr. 26/2020 og bráðabirgðaákvæði í lögum um ríkisábyrgðir, sbr. breytingar með lögum nr. 25/2020, var fjármála- og efnahagsráðherra veitt heimild til að veita ríkisábyrgð á hluta af viðbótarlánnum sem lánastofnanir veita til fyrirtækja vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og að settum skilyrðum uppfylltum. Lánastofnun er fyrirtæki sem tekur á móti innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veitir lán fyrir eigin reikning sbr. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki.
- 1.2 Heimildin nær til þess að veita lánastofnunum ábyrgð ríkissjóðs vegna viðbótarlána þeirra til fyrirtækja sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Heildarábyrgð ríkissjóðs vegna viðbótarlána til allra lánastofnana getur numið allt að 50 ma.kr. Ábyrgðunum er ætlað að liðka fyrir aðgangi fyrirtækja, þá sérstaklega smárra og meðalstórra fyrirtækja sem standa frammi fyrir tímabundnum rekstrarvanda vegna heimsfaraldursins að lausu fé og draga þannig úr áhrifum faraldursins á atvinnulíf og atvinnustig. Lán með ábyrgð ríkissjóðs geta nýst til að greiða fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækis.
- 1.3 Ráðherra var í fyrrnefndum ákvæðum heimilað að semja við Seðlabanka Íslands um að annast framkvæmdina gagnvart lánastofnunum. Jafnframt kemur þar fram að í samningi fjármála- og efnahagsráðherra og Seðlabankans skuli greina nánar frá skilyrðum viðbótarlána með ábyrgð ríkisins, meðal annars um að lántaki greiði ekki arð eða kaupi eigin hluti á meðan ríkisábyrgðar nýtur við, og skilyrðum sem lánastofnanir skuli uppfylla, skiptingu ábyrgða milli lánastofnana, hvernig tryggja megi að fyrirgreiðsla lánastofnana byggist á skýrum, málefnalegum og gagnsæjum forsendum sem leiði til jafnræðis þeirra fyrirtækja sem leita eftir fyrirgreiðslu og hvernig reglubundinni skýrslugjöf skuli háttáð.

- 1.4 Hinn 17. apríl 2020 var undirritaður samningur milli fjármála- og efnahagsráðherra og Seðlabankans um að Seðlabankinn annist framkvæmd á veitingu ábyrgða ríkissjóðs gagnvart lánastofnunum vegna viðbótarlána þeirra til fyrirtækja vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.
- 1.5 Með vísan til framangreindra lagaákvæða veitti fjármála- og efnahagsráðherra Seðlabankanum umboð með fyrrgreindum samningi til að ábyrgjast f.h. ríkissjóðs viðbótarlán lánastofnana til fyrirtækja, eins og nánar greinir og með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í samningi þessum. Seðlabankinn ber ekki ábyrgð á greiðslum sem kunna að falla á ríkissjóð á grundvelli ábyrgðanna.
- 1.6 Seðlabankanum var með samningi við ráðherra falið að semja við lánastofnanir um veitingu viðbótarlána með ábyrgð ríkissjóðs. Samkvæmt þeim samningi er gert ráð fyrir að í samningum Seðlabankans við lánastofnanir komi fram að lánastofnanir skuli fara að lögum, reglum og samningum um ábyrgðir ríkissjóðs. Þá skuli í samningunum greint frá umfangi lána sem þær geta veitt með ábyrgð ríkissjóðs og ábyrgðarhlutfalli, skilyrðum fyrir veitingu viðbótarlána, uppgjöri ábyrgða og upplýsingagjöf eins og nánar greinir í samningi þessum.
- 1.7 Með samningi þessum er skapaður grundvöllur fyrir því að hrinda ofangreindu efnahagsúrræði vegna kórónaveirufaraldursins í framkvæmd með þeim skilyrðum sem fram koma í fyrrgreindum lagaákvæðum, samningi fjármála- og efnahagsráðherra við Seðlabankann og samningi þessum milli Seðlabankans og Arion banka.

## **2. ÁBYRGÐ RÍKISSJÓÐS**

- 2.1 Heildarábyrgð ríkissjóðs gagnvart Arion banka vegna viðbótarlána bankans til fyrirtækja skal að hámarki nema samtals 10 ma.kr.
- 2.2 Ábyrgðin tekur til allt að 70% af höfuðstól þeirra viðbótarlána sem njóta ábyrgðar í samræmi við ákvæði samnings þessa.

## **3. SKILYRÐI FYRIR VEITINGU ÁBYRGÐAR**

- 3.1. Heimilt er að veita ábyrgðir vegna nýrra viðbótarlána til fyrirtækja, þ.e. lögaðilla og eftir atvikum manna sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sem bera hér á landi fulla og ótakmarkaða skattskyldu í skilningi laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
- 3.2. Ábyrgðir taka eingöngu til lána til fyrirtækja í lausafjárþörf sem verða fyrir verulegu og ófyrirséðu tekjutapi árið 2020. Þetta á við þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
  - 3.2.1. Tekjutap fyrirtækis er ófyrirséð og nemur að lágmarki 40% og unnt er með rökstuddum hætti að rekja það beint eða óbeint til heimsfaraldurs kórónuveiru eða ráðstafana sem honum tengjast að mati Arion banka. Við mat á tekjutapi er t.a.m. unnt að horfa til tekna sömu mánaða eða tímabils undangengins árs og tekna samliggjandi mánaða innan ársins 2020. Það skal teljast nægjanlegur rökstuðningur að vísa til opinbera fyrirmæla eða ferðatakmarkana þar sem rökstudd tengsl eru milli tekjutaps og fyrirmælanna. Liggi endanlegur og samþykktur ársreikningur vegna ársins 2019

ekki fyrir er Arion banka heimilt að styðjast við ársreikning 2018 eða önnur þau gögn sem tiltæk eru og eru fullnægjandi til slíks mats að mati bankans.

- 3.2.2. Fyrir liggja, að mati Arion banki, að bankinn hafi gripið til allra þeirra úrræða sem bankinn grípur til undir venjulegum kringumstæðum, m.a. samkvæmt útlánareglum eins og þær voru áður en heimsfaraldur kórónuveiru reið yfir, til að leysa lausafjávanda fyrirtækis til að viðhalda rekstri þess og að fyrirtæki uppfyllir ekki skilyrði sem alla jafna eru sett fyrir frekari lánveitingum af hálfu Arion banka ef ekki kæmi til ábyrgð ríkissjóðs. Heimilt er að horfa til tekjutaps og annarra úrræða sem fyrirtæki hefur notið frá Arion banka á samstæðugrunni. Arion banki getur gert breytingar á útlánareglum sínum vegna áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru og getur m.a. sett sérstök ákvæði í útlánareglur bankans til að afmarka hvernig umsóknir um viðbótarlán skuli afgreiddar, sbr. kafli 6.
- 3.3. Viðbótarlánveiting takmarkast við fyrirtæki þar sem launakostnaður var a.m.k. 25% af heildarútgjöldum undangengins árs. Liggja endanlegur og samþykktur ársreikningur vegna ársins 2019 ekki fyrir er Arion banka heimilt að styðjast við ársreikning 2018 eða önnur þau gögn sem tiltæk eru og eru fullnægjandi til slíks mats að mati bankans. Varðandi launakostnað er fullnægjandi að miða við upplýsingar sem fram koma á launaframtali fyrirtækisins eða staðfestingu úr öðrum opinberum gögnum.
- 3.4. Viðbótarlánveiting skal teljast mikilvæg forsenda þess að fyrirtækið geti viðhaldið rekstrarhæfi sínu þrátt fyrir tímabundið tekjutap. Fyrirtæki skal staðfesta í lánsamningi að tilgangur lánsins sé að greiða almennan rekstrarkostnað fyrirtækisins og að óheimilt sé að nota viðbótarlánveitinguna til að endurfjármagna eldri lán eða nota í annað en almennan rekstrarkostnað fyrirtækisins. Til almenns rekstrarkostnaðar teljast t.a.m. laun og launatengd gjöld, rekstraraðföng, húsaleiga og gjaldfært viðhald.
- 3.5. Skilyrði ábyrgðar er að Arion banki telji líklegt eða að líkur séu til að fyrirtæki geti orðið rekstrarhæft þegar dregur úr áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru. Í því felst m.a. að Arion banki metur hvort fyrirtækið væri rekstrarhæft við venjulegar markaðsaðstæður, þ.e. ef ekki væri fyrir heimsfaraldur kórónuveiru. Auk fyrrnefndra skilyrða gilda ákvæði viðauka I um fyrirtæki í erfiðleikum í skilningi EES-réttar við mat á rekstrarhæfi. Arion banki getur óskað yfirlýsingar fyrirtækisins um að fyrirtækið geti staðið í skilum við lánardrottna sína þegar dregur úr áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru. Mat bankans á rekstrarhæfi miðast við þær upplýsingar og áætlanir sem liggja fyrir þegar ákvörðun um lánveitingu er tekin.
- 3.6. Fyrirtæki skal, í lánsamningi við Arion banka, staðfesta, með yfirlýsingu endurskoðanda þegar unnt er að afla slíkrar yfirlýsingar, að frá 1. mars 2020 hafi ekki verið greiddur út arður, óumsamdir kaupaukar, keypt eigin hlutabréf eða veitt eða greidd lán til eigenda eða nákominna aðila, eða innt af hendi greiðsla á víkjandi láni fyrir gjalddaga, eða greiddar neinar þær greiðslur til eigenda eða nákominna aðila sem ekki eru nauðsynlegar til að viðhalda rekstri og rekstrarhæfi félagsins. Fyrirtækið skal jafnframt skuldbinda sig til þess að svo verði ekki út þann tíma sem ábyrgðar ríkissjóðs nýtur við. Hugtakið nákominn aðili skal túlkað til samræmis við 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti og fl. nr. 21/1991. Leggja skal mat á fyrrnefnd atriði á samstæðugrunni.

- 3.7. Í lánasamningi lántaka við Arion banka skulu vera hefðbundin ákvæði varðandi lántaka t.d. bann við frekari lántökum og veitingu ábyrgða, veðsetningarbann, tryggingarbann, eigendaskipti að lántaka, greiðslu annarra skuldbindinga, bann við sölu eigna, bann við sameiningu eða uppskipti í fleiri félög, bann við breytingu á starfsemi og tilgangi lántaka, starfsleyfi, váttryggingar o.s.frv., nema að fengnu fyrirfram veittu samþykki bankans, enda meti bankinn það svo að slíkt samþykki sé til þess fallið að auka líkur á endurgreiðslu viðbótarláns. Í viðauka II er sýnishorn að dæmigerðu formi þeirra að lánaskilmála Arion banka sem er gert ráð fyrir að verði lagðir til grundvallar viðbótarlánunum.

#### **4. LÁNSTÍMI, LÁNSKIÖR OG LÁNSFIÁRHÆÐIR**

- 4.1. Hámarksfjárhæð á viðbótarláni til einstakra fyrirtækja getur numið tvöföldum árslaunakostnaði viðkomandi fyrirtækis á næstliðnu ári, þó að hámarki 1,2 ma.kr. Liggi endanlegur og samþykktur ársreikningur vegna ársins 2019 ekki fyrir er Arion banka heimilt að styðjast við ársreikning 2018 og önnur þau gögn sem tiltæk eru og eru fullnægjandi til mats á launakostnaði að áliti bankans. Ef fyrirtæki er nýstofnað er unnt að horfa til áætlaðs launakostnaðar næstu 2 ára samkvæmt mati Arion banka.
- 4.2. Arion banki tekur ákvörðun um kjör og skilyrði viðbótarlánsins. Lánskjör Arion banka skulu þó bera þess merki að bankinn ber aðeins hluta áhættu við veitingu lánsins. Í því skyni að tryggja að stuðningur ríkisins gangi eins og frekast er unnt til fyrirtækja skal bankinn leggja mat á og geta rökstutt að lánskjör séu hagstæðari sökum ábyrgðarinnar, t.a.m. í samanburði við lán sem veitt er án ábyrgðar, og þá jafnframt með vísan til lækkunar stýrivaxta og bankaskatts.
- 4.3. Viðbótarlán með ábyrgð ríkisins skulu veitt á árinu 2020. Ábyrgð ríkissjóðs fellur niður eigi síðar en að 30 mánuðum liðnum frá veitingu lánsins.

#### **5. ÁHÆTTUÁLAG**

- 5.1. Arion banki skal standa ríkissjóði skil á áhættuálagi vegna þess hluta höfuðstóls hvers viðbótarláns sem nýtur ábyrgðar. Arion banki getur látið áhættuálagið endurspeglast í þeim kjörum sem lántaki nýtur við lántökuna. Álagið reiknast á ársgrunni og skal nema 0,10% hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum en 0,30% hjá stórum fyrirtækjum. Um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum fer eftir lögum um ársreikninga nr. 3/2006.
- 5.2. Áhættuálagið skal gert upp mánaðarlega með greiðslu í ríkissjóð. Arion banki skal senda Seðlabanka Íslands skilagrein með nánari sundurgreiningu á álöggðu áhættuálagi fyrir lok hvers mánaðar. Greiðsla samkvæmt skilagrein Arion banka skal innt af hendi fyrir 5. næsta mánaðar inn á reikning ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands.

#### **6. VERKLAG VIÐ VEITINGU ÁBYRGÐA OG SKULDBINDINGAR ARION BANKA**

- 6.1. Lántakar sækja um viðbótarlán til Arion banka með venjubundnum hætti og samkvæmt reglum Arion banka þar um. Arion banki vinnur að lánaumsókn lántaka í samræmi við almennar lánareglur bankans og samning þennan. Fallist Arion banki á lánaumsókn lántaka fer með útgreiðslu lánsins með sama hætti og varðandi önnur lán bankans gagnvart

viðskiptamönnum sínum. Arion banki skal senda Seðlabanka Íslands yfirlit og frekari upplýsingar um veitt viðbótarlán sem nýtur ríkisábyrgðar samkvæmt samningi þessum fyrir lok hvers mánaðar. Nánari verklag og gögn sem fylgja skulu yfirliti um samþykkt viðbótarlána með ríkisábyrgð mun Seðlabankinn senda Arion banka fyrir lok næsta mánaðar eftir undirritun samnings þessa.

- 6.2. Viðbótarlán Arion banka samkvæmt samningi þessum skulu veitt á skýrum, málefnalegum og gagnsæjum forsendum sem stuðla að jafnræði þeirra fyrirtækja sem leita eftir fyrirgreiðslu. Arion banki telst hafa fullnægt ákvæði þessu svo fremi að bankinn fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru í lögum og reglum sem um bankann gilda ásamt stefnumiðum um samfélagslega ábyrgð sem bankinn hefur sett sér. Einnig skal Arion banki fullnægja almennum kröfum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
- 6.3. Arion banki skal tryggja að lögbundin og samningsbundin skilyrði séu uppfyllt í tilviki hvers lántaka fyrir veitingu viðbótarláns í samræmi við samning þennan og verklag Arion banka. Ríkisábyrgð viðbótarlána samkvæmt samningi þessum tekur því gildi að undangengnu mati Arion banka á því að skilyrðum fyrir lánveitingu með ríkisábyrgð séu uppfyllt í tilviki hvers lántaka. Mat bankans á því verður ekki tekið til endurskoðunar. Ríkisábyrgð fellur þá og því aðeins niður að bankinn hafi gerst brotlegur við lög eða eigin reglur í framkvæmd einstakra lánveitinga.

## **7. UPPGIÖR ÁBYRGÐA**

- 7.1. Ríkissjóður ber ábyrgð á tapi af höfuðstól vegna hvers viðbótarláns í samræmi við ábyrgðarhlutfall.
- 7.2. Við greiðslur af hverju viðbótarláni lækkar fjárhæð ábyrgðar ríkissjóðs hlutfallslega á viðkomandi viðbótarláni Arion banka.
- 7.3. Ábyrgð ríkissjóðs gagnvart Arion banka vegna viðbótarlána bankans til fyrirtækja á grundvelli samnings þessa er einföld ábyrgð. Arion banki skal nýta hefðbundin úrræði til að endurheimta viðbótarlán í vanskilum og skal ábyrgð ríkissjóðs verða virk við höfðun máls, þ.e. við birtingu stefnu, vegna vanefnda fyrirtækis á ákvæðum lánsamningsins enda hafi málið verið höfðað innan gildistíma ábyrgðar sbr. grein 4.3. Eftir að ábyrgð ríkissjóðs hefur orðið virk við höfðun máls fellur ábyrgðin ekki niður á meðan innheimtu viðbótarláns er ólokið. Greiðsluskylda ríkissjóðs verður virk gagnvart Arion banka þegar innheimta viðbótarlánsins er árangurslaus og fullreynt að ekki fáist greiðsla frá lántaka t.d. með árangurslausu fjárnámi. Verði endurheimtur á viðbótarláni eftir að ríkissjóður efnir greiðslu samkvæmt ábyrgðinni á ríkissjóður endurgreiðslukröfu á hendur Arion banka í samræmi við ábyrgðarhlutfall. Greiðslur lántaka renna fyrst til greiðslu innheimtukostnaðar, svo til greiðslu vaxta og þá afborgana af höfuðstól.
- 7.4. Arion banki skal senda Seðlabankanum formlega tilkynningu um greiðsluskyldu ríkissjóðs gagnvart bankanum á grundvelli ábyrgðar ríkissjóðs samkvæmt samningi þessum. Gögn um að innheimta viðbótarlánsins hafi verið árangurslaus skulu fylgja tilkynningunni.



- 7.5. Uppgjör ábyrgða, þar sem greiðsluskylda ríkissjóðs hefur orðið virk skv. grein 7.3 og 7.4, skal eiga sér stað milli ríkissjóðs og Arion banka á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. janúar 2021.

## **8. SKIL Á UPPLÝSINGUM OG ÁRANGURSMAT**

- 8.1. Við undirbúning samnings þessa hefur Arion banki skilað upplýsingum um mat á stöðu lánasafna bankans með hliðsjón af núverandi aðgerðum stjórnvalda, áætlun um þær aðgerðir sem bankinn hyggst fara í á eigin forsendum til að styðja við sína viðskiptavini, auk mats á þörf fyrir stuðning ríkisins í formi ábyrgða til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt í samningi þessum.
- 8.2. Arion banki mun veita Seðlabankanum þær upplýsingar sem Seðlabankinn óskar eftir á hverjum tíma sem nauðsynlegar eru vegna veittra viðbótarlána með ábyrgð ríkissjóðs. Jafnframt mun Arion banki veita Seðlabankanum reglulega upplýsingar á samræmdu formi, þar sem fram koma lykilupplýsingar um nýtingu úrræðisins, stöðu og þróun lánasafna viðbótarlána með ábyrgð ríkissjóð auk lýsigagna. Seðlabankinn mun vinna samantekt úr þessum skýrslum Arion banka og láta fjármála- og efnahagsráðuneytinu í té.
- 8.3. Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun, á grundvelli upplýsinga sem Seðlabankinn móttækur frá Arion banka, birta opinberlega upplýsingar um lántaka sem njóta ábyrgðar, innan 12 mánaða frá því lán með ábyrgð er veitt. Arion banki skal varðveita öll gögn vegna viðbótarlána með ábyrgð ríkissjóðs í 10 ár. Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun jafnframt hafa með höndum skýrslugjöf til Eftirlitsstofnunar EFTA í tengslum við ábyrgðarkerfið.

## **9. EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD**

- 9.1. Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum um ríkisábyrgðir skal fjármála- og efnahagsráðherra skipa nefnd til að hafa eftirlit með framkvæmd ákvæðisins. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu á málefnum fjármálamarkaðar. Forsætisráðherra tilnefnir einn nefndarmann, samstarfsnefnd háskólastigsins einn og skal einn skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.
- 9.2. Nefndin getur kallað eftir upplýsingum og gögnum um framkvæmd ákvæðisins bæði frá Seðlabankanum og Arion banka. Nefndin skal skila ráðherra skýrslu um framkvæmdina á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn fyrir 1. nóvember 2020, en jafnframt skal hún upplýsa ráðherra án tafar ef hún verður vör við brotalamir í framkvæmdinni. Ráðherra skal leggja skýrslur nefndarinnar fyrir Alþingi. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga.

## **10. BREYTINGAR OG VIÐBÆTUR VIÐ SAMNING ÞENNAN**

- 10.1. Hvers kyns breytingar eða viðbætur við samning þennan skulu gerðar skriflega og vera undirritaðar af báðum samningsaðilum.

## **11. GILDISTAKA OG ÖNNUR ÁKVÆÐI**

- 11.1. Aðilar munu vinna að því að úrræði það sem samningi þessum er ætlað að koma á gagnist þeim fyrirtækjum sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, þannig að samræmist reglum sem bankinn setur sér um lánveitingar.
- 11.2. Aðilar skulu sjálfir bera kostnað og útgjöld sem þeir stofna til í tengslum við samning þennan, framkvæmd hans og þær ráðstafanir sem hér um ræðir, sbr. þó grein 7.3 varðandi innheimtukostnað.
- 11.3. Samningur þessi lýtur íslenskum lögum. Ákvæði samningsins skulu vera túlkuð og þeim framfylgt í samræmi við íslensk lög.
- 11.4. Ágreiningsmál sem tengjast samningi þessum lúta lögsögu íslenskra dómstóla og skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 11.5. Samningur þessi ásamt viðaukum I - II sem eru óaðskiljanlegir hlutar samnings aðila, inniheldur heildarsamkomulag aðila um samningsefnið og þau úrræði sem um ræðir. Samningurinn gildir frá undirritun.

Samningur þessi er samtals 8 blaðsíður ásamt 2 viðaukum.

Til staðfestu framangreindu og með fullri heimild undirrita aðilar samning þennan.

Reykjavík, 11. maí 2020

---

**f.h. Seðlabanka Íslands**

---

**f.h. Arion banka hf.**

## Viðauki I - Fyrirtæki í erfiðleikum í skilningi EES-réttar

Ábyrgð vegna viðbótarláns verður ekki veitt ef fyrirtækið sem um ræðir var í fjárhagserfiðleikum 31. desember 2019. Fyrirtæki telst hafa verið í fjárhagserfiðleikum á þeim tímapunkti ef a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt, samanber skilyrði í tímabundnum reglum um ríkisaðstoð til stuðnings hagkerfisins vegna yfirstandandi heimsfaraldurs, frá 19. mars 2020:

- i. Um er að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð og bókfært eigið fé þess, samkvæmt viðurkenndum reikningsskilaaðferðum, er orðið lægra en nemur helmingi innborgaðs hlutafjár að meðtöldum yfirverðsreikningi.
- ii. Um er að ræða félag þar sem a.m.k. einn aðili ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins og bókfært eigið fé þess, samkvæmt viðurkenndum reikningsskilaaðferðum, er orðið lægra en nemur helmingi innborgaðs hlutafjár að meðtöldum yfirverðsreikningi.
- iii. Um er að ræða fyrirtæki sem sætir gjaldþrotameðferð eða uppfyllir skilyrði um að vera tekið til gjaldþrotameðferðar að beiðni kröfuhafa.
- iv. Um er að ræða fyrirtæki sem hefur fengið björgunaraðstoð í skilningi leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um björgun og endurskipulagningu fyrirtækja, og hefur enn ekki endurgreitt lánið eða aflétt ábyrgðinni eða hefur fengið aðstoð til endurskipulagningar og er því enn bundið af samþykktri áætlun um endurskipulagningu.
- v. Eftirtalin skilyrði hafa átt við síðustu tvö reikningsár:
  - a) hlutfall milli bókfærðra skulda fyrirtækisins og eigin fjár hefur verið hærra en 7,5 og
  - b) hagnaður fyrir afskriftir og vexti (EBITDA) nemur lægri fjárhæð en nettófjármagnskostnaður ársins.

Skilyrði (i) og (ii) eiga ekki við um fyrirtæki sem er lítið eða meðalstórt, hafi starfsemi þess staðið yfir í þrjú ár eða skemur. Skilyrði (v) á ekki við um fyrirtæki sem er lítið eða meðalstórt.

Um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum fer eftir lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

## **Viðauki II – Form af lánaskilmálum**

---

**SAMNINGUR UM VEITINGU**  
**ÁBYRGÐA VEGNA VIÐBÓTARLÁNA**

---

milli

**SEÐLABANKA ÍSLANDS**

og

**KVIKU BANKA HF.**

**12. maí 2020**

Eftirfarandi aðilar gera með sér svohljóðandi samning :

Annars vegar:

Seðlabanki Íslands

kt. 560269-4129

Kalkofnsvegi 1,

150 Reykjavík.

(hér eftir „**Seðlabankinn**“)

og

hins vegar

Kvika banki hf.,

kt. 540502-2930,

Katrínartrúni 2,

105 Reykjavík

(hér eftir „**Kvika banki**“ eða „**bankinn**“)

## **1. INNGANGUR**

- 1.1 Með fjáráaukalögum fyrir árið 2020, sbr. fjáráaukalög nr. 26/2020 og bráðabirgðaákvæði í lögum um ríkisábyrgðir, sbr. breytingar með lögum nr. 25/2020, var fjármála- og efnahagsráðherra veitt heimild til að veita ríkisábyrgð á hluta af viðbótarlánnum sem lánastofnanir veita til fyrirtækja vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og að settum skilyrðum uppfylltum. Lánastofnun er fyrirtæki sem tekur á móti innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veitir lán fyrir eigin reikning sbr. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki.
- 1.2 Heimildin nær til þess að veita lánastofnunum ábyrgð ríkissjóðs vegna viðbótarlána þeirra til fyrirtækja sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Heildarábyrgð ríkissjóðs vegna viðbótarlána til allra lánastofnana getur numið allt að 50 ma.kr. Ábyrgðunum er ætlað að liðka fyrir aðgangi fyrirtækja, þá sérstaklega smárra og meðalstórra fyrirtækja sem standa frammi fyrir tímabundnum rekstrarvanda vegna heimsfaraldursins að lausu fé og draga þannig úr áhrifum faraldursins á atvinnulíf og atvinnustig. Lán með ábyrgð ríkissjóðs geta nýst til að greiða fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækis.
- 1.3 Ráðherra var í fyrrnefndum ákvæðum heimilað að semja við Seðlabanka Íslands um að annast framkvæmdina gagnvart lánastofnunum. Jafnframt kemur þar fram að í samningi fjármála- og efnahagsráðherra og Seðlabankans skuli greina nánar frá skilyrðum viðbótarlána með ábyrgð ríkisins, meðal annars um að lántaki greiði ekki arð eða kaupi eigin hluti á meðan ríkisábyrgðar nýtur við, og skilyrðum sem lánastofnanir skuli uppfylla, skiptingu ábyrgða milli lánastofnana, hvernig tryggja megi að fyrirgreiðsla lánastofnana byggist á skýrum, málefnalegum og gagnsæjum forsendum sem leiði til jafnræðis þeirra fyrirtækja sem leita eftir fyrirgreiðslu og hvernig reglubundinni skýrslugjöf skuli háttáð.

- 1.4 Hinn 17. apríl 2020 var undirritaður samningur milli fjármála- og efnahagsráðherra og Seðlabankans um að Seðlabankinn annist framkvæmd á veitingu ábyrgða ríkissjóðs gagnvart lánastofnunum vegna viðbótarlána þeirra til fyrirtækja vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.
- 1.5 Með vísan til framangreindra lagaákvæða veitti fjármála- og efnahagsráðherra Seðlabankanum umboð með fyrrgreindum samningi til að ábyrgjast f.h. ríkissjóðs viðbótarlán lánastofnana til fyrirtækja, eins og nánar greinir og með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í samningi þessum. Seðlabankinn ber ekki ábyrgð á greiðslum sem kunna að falla á ríkissjóð á grundvelli ábyrgðanna.
- 1.6 Seðlabankanum var með samningi við ráðherra falið að semja við lánastofnanir um veitingu viðbótarlána með ábyrgð ríkissjóðs. Samkvæmt þeim samningi er gert ráð fyrir að í samningum Seðlabankans við lánastofnanir komi fram að lánastofnanir skuli fara að lögum, reglum og samningum um ábyrgðir ríkissjóðs. Þá skuli í samningunum greint frá umfangi lána sem þær geta veitt með ábyrgð ríkissjóðs og ábyrgðarhlutfalli, skilyrðum fyrir veitingu viðbótarlána, uppgjöri ábyrgða og upplýsingagjöf eins og nánar greinir í samningi þessum.
- 1.7 Með samningi þessum er skapaður grundvöllur fyrir því að hrinda ofangreindu efnahagsúrræði vegna kórónaveirufaraldursins í framkvæmd með þeim skilyrðum sem fram koma í fyrrgreindum lagaákvæðum, samningi fjármála- og efnahagsráðherra við Seðlabankann og samningi þessum milli Seðlabankans og Kviku banka.

## **2. ÁBYRGÐ RÍKISSJÓÐS**

- 2.1 Heildarábyrgð ríkissjóðs gagnvart Kviku banka vegna viðbótarlána bankans til fyrirtækja skal að hámarki nema samtals 630 milljónir kr.
- 2.2 Ábyrgðin tekur til allt að 70% af höfuðstól þeirra viðbótarlána sem njóta ábyrgðar í samræmi við ákvæði samnings þessa.

## **3. SKILYRÐI FYRIR VEITINGU ÁBYRGÐAR**

- 3.1. Heimilt er að veita ábyrgðir vegna nýrra viðbótarlána til fyrirtækja, þ.e. lögaðilla og eftir atvikum manna sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sem bera hér á landi fulla og ótakmarkaða skattskyldu í skilningi laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
- 3.2. Ábyrgðir taka eingöngu til lána til fyrirtækja í lausafjárþörf sem verða fyrir verulegu og ófyrirséðu tekjutapi árið 2020. Þetta á við þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
  - 3.2.1. Tekjutap fyrirtækis er ófyrirséð og nemur að lágmarki 40% og unnt er með rökstuddum hætti að rekja það beint eða óbeint til heimsfaraldurs kórónuveiru eða ráðstafana sem honum tengjast að mati Kviku banka. Við mat á tekjutapi er t.a.m. unnt að horfa til tekna sömu mánaða eða tímabils undangengins árs og tekna samliggjandi mánaða innan ársins 2020. Það skal teljast nægjanlegur rökstuðningur að vísa til opinberra fyrirmæla eða ferðatakmarkana þar sem rökstudd tengsl eru milli tekjutaps og fyrirmælanna. Liggi endanlegur og samþykktur ársreikningur vegna

ársins 2019 ekki fyrir er Kvika banka heimilt að styðjast við ársreikning 2018 eða önnur þau gögn sem tiltæk eru og eru fullnægjandi til slíks mats að mati bankans.

- 3.2.2. Fyrir liggja, að mati Kviku banka, að bankinn hafi gripið til allra þeirra úrræða sem bankinn grípur til undir venjulegum kringumstæðum, m.a. samkvæmt útlánareglum eins og þær voru áður en heimsfaraldur kórónuveiru reið yfir, til að leysa lausafjávanda fyrirtækis til að viðhalda rekstri þess og að fyrirtæki uppfyllir ekki skilyrði sem alla jafna væru sett fyrir frekari lánveitingum af hálfu Kviku banka ef ekki kæmi til ábyrgð ríkissjóðs. Heimilt er að horfa til tekjutaps og annarra úrræða sem fyrirtæki hefur notið frá Kviku banka á samstæðugrunni. Gert er ráð fyrir að Kvika banki hafi og muni gera breytingar á útlánareglum sínum vegna áhrifa heimsfaraldurs kórónuveiru og geti m.a. sett sérstök ákvæði í útlánareglur bankans til að afmarka hvernig umsóknir um viðbótarlán skuli afgreiddar, sbr. kafli 6.
- 3.3. Viðbótarlánveiting takmarkast við fyrirtæki þar sem launakostnaður var a.m.k. 25% af heildarútgjöldum undangengins árs. Liggja endanlegur og samþykktur ársreikningur vegna ársins 2019 ekki fyrir er Kviku banka heimilt að styðjast við ársreikning 2018 eða önnur þau gögn sem tiltæk eru og eru fullnægjandi til slíks mats að mati bankans. Varðandi launakostnað er fullnægjandi að miða við upplýsingar sem fram koma á launaframtali fyrirtækisins eða staðfestingu úr öðrum opinberum gögnum.
- 3.4. Viðbótarlánveiting skal teljast mikilvæg forsenda þess að fyrirtækið geti viðhaldið rekstrarhæfi sínu þrátt fyrir tímabundið tekjutap. Óheimilt er að nota viðbótarlánveitinguna til að endurfjármagna eldri lán eða nota í annað en almennan rekstrarkostnað fyrirtækisins. Til almenns rekstrarkostnaðar teljast t.a.m. laun og launatengd gjöld, rekstraraðföng, húsaleiga og gjaldfært viðhald.
- 3.5. Skilyrði ábyrgðar er að Kvika banki telji líklegt eða líkur til að fyrirtæki geti orðið rekstrarhæft þegar dregur úr áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru. Í því felst m.a. að Kvika banki metur hvort fyrirtækið væri rekstrarhæft við venjulegar markaðsaðstæður, þ.e. ef ekki væri fyrir heimsfaraldur kórónuveiru. Auk fyrrnefndra skilyrða gilda ákvæði viðauka I um fyrirtæki í erfiðleikum í skilningi EES-réttar við mat á rekstrarhæfi. Kvika banki getur óskað yfirlýsingar fyrirtækisins um að fyrirtækið geti staðið í skilum við lánardrottna sína þegar dregur úr áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru. Mat bankans á rekstrarhæfi miðast við þær upplýsingar og áætlanir sem liggja fyrir þegar ákvörðun um lánveitingu er tekin.
- 3.6. Fyrirtæki skal, í lánsamningi við Kviku banka, staðfesta, með yfirlýsingu endurskoðanda þegar unnt er að afla slíkrar yfirlýsingar, að frá 1. mars 2020 hafi ekki verið greiddur út arður, óumsamdir kaupaukar, keypt eigin hlutabréf eða veitt eða greidd lán til eigenda eða nákominna aðila, eða innt af hendi greiðsla á víkjandi láni fyrir gjalddaga, eða greiddar neinar þær greiðslur til eigenda eða nákominna aðila sem ekki eru nauðsynlegar til að viðhalda rekstri og rekstrarhæfi félagsins. Fyrirtækið skal jafnframt skuldbinda sig til þess að svo verði ekki út þann tíma sem ábyrgðar ríkissjóðs nýtur við. Hugtakið nákominn aðili skal túlkað til samræmis við 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Leggja skal mat á fyrrnefnd atriði á samstæðugrunni.



- 3.7. Gert er ráð fyrir að í lánsamningi lántaka við Kvikubanka skulu vera hefðbundin ákvæði varðandi lántaka t.d. bann við frekari lántökum og veitingu ábyrgða, veðsetningarbann, tryggingarbann, eigendaskipti að lántaka, greiðslu annarra skuldbindinga, bann við sölu eigna, bann við sameiningu eða uppskipti í fleiri félög, bann við breytingu á starfsemi og tilgangi lántaka, starfsleyfi, váttryggingar, gjaldfellingu o.fl., nema að fengnu fyrirfram veittu samþykki bankans, enda slíkt samþykki til þess fallið að auka líkur á endurgreiðslu viðbótarlánsins. Í viðauka II er form að lánaskilmálum Kvikubanka sem er gert ráð fyrir að verði lagðir til grundvallar.

#### **4. LÁNSTÍMI, LÁNSKJÖR OG LÁNSFJÁRHÆÐIR**

- 4.1. Hámarksfjárhæð á viðbótarláni til einstakra fyrirtækja getur numið tvöföldum árslanakostnaði viðkomandi fyrirtækis á næstliðnu ári, þó að hámarki 1,2 ma.kr. Liggi endanlegur og samþykktur ársreikningur vegna ársins 2019 ekki fyrir er Kvikubanka heimilt að styðjast við ársreikning 2018 og önnur þau gögn sem tiltæk eru og eru fullnægjandi til mats á launakostnaði að áliti bankans. Ef fyrirtæki er nýstofnað er unnt að horfa til áætlaðs launakostnaðar næstu 2 ára samkvæmt mati Kvikubanka.
- 4.2. Kvikubanki tekur ákvörðun um kjör og skilyrði viðbótarlánsins. Lánskjör Kvikubanka skulu þó bera þess merki að bankinn ber aðeins hluta áhættu við veitingu lánsins. Í því skyni að tryggja að stuðningur ríkisins gangi eins og frekast er unnt til fyrirtækja skal bankinn leggja mat á og geta rökstutt að lánskjör séu hagstæðari sökum ábyrgðarinnar, t.a.m. í samanburði við lán sem veitt er án ábyrgðar, og þá jafnframt með vísan til lækkunar stýrivaxta og bankaskatts.
- 4.3. Viðbótarlán með ábyrgð ríkisins skulu veitt á árinu 2020. Ábyrgð ríkissjóðs fellur niður eigi síðar en að 30 mánuðum liðnum frá veitingu lánsins.

#### **5. ÁHÆTTUÁLAG**

- 5.1. Kvikubanki skal standa ríkissjóði skil á áhættuálagi vegna þess hluta höfuðstóls hvers viðbótarláns sem nýtur ábyrgðar. Kvikubanki getur látið áhættuálagið endurspeglast í þeim kjörum sem lántaki nýtur við lántökuna. Álagið reiknast á ársgrunni og skal nema 0,10% hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum en 0,30% hjá stórum fyrirtækjum. Um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum fer eftir lögum um ársreikninga nr. 3/2006.
- 5.2. Áhættuálagið skal gert upp mánaðarlega með greiðslu í ríkissjóð. Kvikubanki skal senda Seðlabanka Íslands skilagrein með nánari sundurgreiningu á álöggðu áhættuálagi fyrir lok hvers mánaðar. Greiðsla samkvæmt skilagrein Kvikubanka skal innt af hendi fyrir 5. næsta mánaðar inn á reikning ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands.

#### **6. VERKLAG VIÐ VEITINGU ÁBYRGÐA OG SKULDBINDINGAR KVIKUBANKA**

- 6.1. Lántakar sækja um viðbótarlán til Kvikubanka með venjubundnum hætti og samkvæmt reglum Kvikubanka þar um. Kvikubanki vinnur að lánaumsókn lántaka í samræmi við almennar lánareglur bankans og samning þennan. Fallist Kvikubanki á lánaumsókn lántaka fer með útgreiðslu lánsins með sama hætti og varðandi önnur lán bankans gagnvart

viðskiptamönnum sínum. Kvika banki skal senda Seðlabanka Íslands yfirlit og frekari upplýsingar um veitt viðbótarlán sem njóti ríkisábyrgðar samkvæmt samningi þessum fyrir lok hvers mánaðar. Nánara verklag og gögn sem fylgja skulu yfirliti um samþykkt viðbótarlána með ríkisábyrgð mun Seðlabankinn senda Kviku banka fyrir lok næsta mánaðar eftir undirritun samnings þessa.

- 6.2. Viðbótarlán Kviku banka samkvæmt samningi þessum skulu veitt á skýrum, málefnalegum og gagnsæjum forsendum sem stuðla að jafnræði þeirra fyrirtækja sem leita eftir fyrirgreiðslu. Kvika banki telst hafa fullnægt ákvæði þessu svo fremi að bankinn fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru í lögum og reglum sem um bankann gilda ásamt stefnumiðum um samfélagslega ábyrgð sem bankinn hefur sett sér. Einnig skal Kvika banki fullnægja almennum kröfum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
- 6.3. Kvika banki skal tryggja að lögbundin og samningsbundin skilyrði séu uppfyllt í tilviki hvers lántaka í samræmi við samnings þennan og almennt verklag Kviku banka við lánveitingar. Ríkisábyrgð viðbótarlána samkvæmt samningi þessum tekur því gildi að undangengnu mati Kviku banka á því að skilyrðum fyrir lánveitingu með ríkisábyrgð séu uppfyllt í tilviki hvers lántaka. Mat bankans á því verður ekki tekið til endurskoðunar. Ríkisábyrgð fellur þá og því aðeins niður að bankinn hafi gerst brotlegur við lög eða eigin reglur í framkvæmd einstakra lánveitinga.

## **7. UPPGIÖR ÁBYRGÐA**

- 7.1. Ríkissjóður ber ábyrgð á tapi af höfuðstól vegna hvers viðbótarláns í samræmi við ábyrgðarhlutfall.
- 7.2. Við greiðslur af hverju viðbótarláni lækkar fjárhæð ábyrgðar ríkissjóðs hlutfallslega á viðkomandi viðbótarláni Kviku banka.
- 7.3. Ábyrgð ríkissjóðs gagnvart Kviku banka vegna viðbótarlána bankans til fyrirtækja á grundvelli samnings þessa er einföld ábyrgð. Kvika banki skal nýta hefðbundin úrræði til að endurheimta viðbótarlán í vanskilum og skal ábyrgð ríkissjóðs verða virk við höfðun máls, þ.e. við birtingu stefnu, vegna vanefnda fyrirtækis á ákvæðum lánsamningsins enda hafi málið verið höfðað innan gildistíma ábyrgðar, sbr. grein 4.3. Eftir að ábyrgð ríkissjóðs hefur orðið virk við höfðun máls fellur ábyrgðin ekki niður á meðan innheimtu viðbótarláns er ólokið. Greiðsluskylda ríkissjóðs verður virk gagnvart Kviku banka þegar innheimta viðbótarlánsins er árangurslaus og fullreynt að ekki fáist greiðsla frá lántaka t.d. með árangurslausu fjárnámi. Verði endurheimtur á viðbótarláni eftir að greiðsluskylda ríkissjóðs varð virk á ríkissjóður endurgreiðslukröfu á hendur Kviku banka í samræmi við ábyrgðarhlutfall. Greiðslur lántaka renna fyrst til greiðslu innheimtukostnaðar, svo til greiðslu vaxta og þá afborgana af höfuðstól.
- 7.4. Kvika banki skal senda Seðlabankanum formlega tilkynningu um greiðsluskyldu ríkissjóðs gagnvart bankanum á grundvelli ábyrgðar ríkissjóðs samkvæmt samningi þessum. Gögn um að innheimta viðbótarlánsins hafi verið árangurslaus skulu fylgja tilkynningunni.

- 7.5. Uppgjör ábyrgða, þar sem greiðsluskylda ríkissjóðs hefur orðið virk skv. grein 7.3 og 7.4, skal eiga sér stað milli ríkissjóðs og Kvikubanka á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. janúar 2021.

## **8. SKIL Á UPPLÝSINGUM OG ÁRANGURSMAT**

- 8.1. Við undirbúning samnings þessa hefur Kvika banki skilað upplýsingum um mat á stöðu lánasafna bankans með hliðsjón af núverandi aðgerðum stjórnvalda, áætlun um þær aðgerðir sem bankinn hyggst fara í á eigin forsendum til að styðja við sína viðskiptavini, auk mats á þörf fyrir stuðning ríkisins í formi ábyrgða til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt í samningi þessum.
- 8.2. Kvika banki mun veita Seðlabankanum þær upplýsingar sem Seðlabankinn óskar eftir á hverjum tíma sem nauðsynlegar eru vegna veittra viðbótarlána með ábyrgð ríkissjóðs. Jafnframt mun Kvika banki veita Seðlabankanum reglulega upplýsingar á samræmdu formi, þar sem fram koma lykilupplýsingar um nýtingu úrræðisins, stöðu og þróun lánasafna viðbótarlána með ábyrgð ríkissjóð auk lýsigagna. Seðlabankinn mun vinna samantekt úr þessum skýrslum Kvikubanka og láta fjármála- og efnahagsráðuneytinu í té.
- 8.3. Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun, á grundvelli upplýsinga sem Seðlabankinn móttækur frá Kvikubanka, birta opinberlega upplýsingar um lántaka sem njóta ábyrgðar, innan 12 mánaða frá því lán með ábyrgð er veitt. Kvika banki skal varðveita öll gögn vegna viðbótarlána með ábyrgð ríkissjóðs í 10 ár. Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun jafnframt hafa með höndum skýrslugjöf til Eftirlitsstofnunar EFTA í tengslum við ábyrgðarkerfið.

## **9. EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD**

- 9.1. Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum um ríkisábyrgðir skal fjármála- og efnahagsráðherra skipa nefnd til að hafa eftirlit með framkvæmd ákvæðisins. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu á málefnum fjármálamarkaðar. Forsætisráðherra tilnefni einn nefndarmann, samstarfsnefnd háskólastigsins einn og skal einn skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.
- 9.2. Nefndin getur kallað eftir upplýsingum og gögnum um framkvæmd ákvæðisins bæði frá Seðlabankanum og Kvikubanka. Nefndin skal skila ráðherra skýrslu um framkvæmdina á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn fyrir 1. nóvember 2020, en jafnframt skal hún upplýsa ráðherra án tafar ef hún verður vör við brotalamir í framkvæmdinni. Ráðherra skal leggja skýrslur nefndarinnar fyrir Alþingi. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga.

## **10. BREYTINGAR OG VIÐBÆTUR VIÐ SAMNING ÞENNAN**

- 10.1. Hvers kyns breytingar eða viðbætur við samning þennan skulu gerðar skriflega og vera undirritaðar af báðum samningsaðilum.

## **11. GILDISTAKA OG ÖNNUR ÁKVÆÐI**

- 11.1. Aðilar munu vinna að því að úrræði það sem samningi þessum er ætlað að koma á gagnist þeim fyrirtækjum sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, þannig að samræmist reglum sem bankinn setur sér um lánveitingar.
- 11.2. Aðilar skulu sjálfir bera kostnað og útgjöld sem þeir stofna til í tengslum við samning þennan, framkvæmd hans og þær ráðstafanir sem hér um ræðir.
- 11.3. Samningur þessi lýtur íslenskum lögum. Ákvæði samningsins skulu vera túlkuð og þeim framfylgt í samræmi við íslensk lög.
- 11.4. Ágreiningsmál sem tengjast samningi þessum lúta lögsögu íslenskra dómstóla og skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- 11.5. Samningur þessi ásamt viðaukum I - II sem eru óaðskiljanlegir hlutar samnings aðila, inniheldur heildarsamkomulag aðila um samningsefnið og þau úrræði sem um ræðir. Samningurinn gildir frá undirritun.

Samningur þessi er samtals 8 blaðsíður ásamt 2 viðaukum.

Til staðfestu framangreindu og með fullri heimild undirrita aðilar samning þennan.

Reykjavík, 12. maí 2020

---

**f.h. Seðlabanka Íslands**

---

**f.h. Kvikubanka hf.**

## Viðauki I - Fyrirtæki í erfiðleikum í skilningi EES-réttar

Ábyrgð vegna viðbótarláns verður ekki veitt ef fyrirtækið sem um ræðir var í fjárhagserfiðleikum 31. desember 2019. Fyrirtæki telst hafa verið í fjárhagserfiðleikum á þeim tímapunkti ef a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt, samanber skilyrði í tímabundnum reglum um ríkisaðstoð til stuðnings hagkerfisins vegna yfirstandandi heimsfaraldurs, frá 19. mars 2020:

- i. Um er að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð og bókfært eigið fé þess, samkvæmt viðurkenndum reikningsskilaaðferðum, er orðið lægra en nemur helmingi innborgaðs hlutafjár að meðtöldum yfirverðsreikningi.
- ii. Um er að ræða félag þar sem a.m.k. einn aðili ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins og bókfært eigið fé þess, samkvæmt viðurkenndum reikningsskilaaðferðum, er orðið lægra en nemur helmingi innborgaðs hlutafjár að meðtöldum yfirverðsreikningi.
- iii. Um er að ræða fyrirtæki sem sætir gjaldþrotameðferð eða uppfyllir skilyrði um að vera tekið til gjaldþrotameðferðar að beiðni kröfuhafa.
- iv. Um er að ræða fyrirtæki sem hefur fengið björgunaraðstoð í skilningi leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um björgun og endurskipulagningu fyrirtækja, og hefur enn ekki endurgreitt lánið eða aflétt ábyrgðinni eða hefur fengið aðstoð til endurskipulagningar og er því enn bundið af samþykktri áætlun um endurskipulagningu.
- v. Eftirtalin skilyrði hafa átt við síðustu tvö reikningsár:
  - a) hlutfall milli bókfærðra skulda fyrirtækisins og eigin fjár hefur verið hærra en 7,5 og
  - b) hagnaður fyrir afskriftir og vexti (EBITDA) nemur lægri fjárhæð en nettófjármagnskostnaður ársins.

Skilyrði (i) og (ii) eiga ekki við um fyrirtæki sem er lítið eða meðalstórt, hafi starfsemi þess staðið yfir í þrjú ár eða skemur. Skilyrði (v) á ekki við um fyrirtæki sem er lítið eða meðalstórt.

Um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum fer eftir lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

**Viðauki II – Form af lánaskilmálum Kviku banka hf.**

---

**SAMNINGUR UM VEITINGU**  
**ÁBYRGÐA VEGNA VIÐBÓTARLÁNA**

---

milli

**SEÐLABANKA ÍSLANDS**

og

**LANDSBANKANS HF.**

**8. maí 2020**

Eftirfarandi aðilar gera með sér svohljóðandi samning :

Annars vegar:  
Seðlabanki Íslands  
kt. 560269-4129  
Kalkofnsvegi 1,  
150 Reykjavík.  
(hér eftir „**Seðlabankinn**“)

og  
hins vegar

Landsbankinn hf.,  
kt. 471008-0280,  
Austurstræti 11,  
115 Reykjavík  
(hér eftir „**Landsbankinn**“ eða „**bankinn**“)

## **1. INNGANGUR**

- 1.1 Með fjáráukalögum fyrir árið 2020, sbr. fjáráukalög nr. 26/2020 og bráðabirgðaákvæði í lögum um ríkisábyrgðir, sbr. breytingar með lögum nr. 25/2020, var fjármála- og efnahagsráðherra veitt heimild til að veita ríkisábyrgð á hluta af viðbótarlánum sem lánastofnanir veita til fyrirtækja vegna heimsfaraldurs kórónuveiru og að settum skilyrðum uppfylltum. Lánastofnun er fyrirtæki sem tekur á móti innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veitir lán fyrir eigin reikning sbr. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. a laga nr. 161/2002, um fjármálfyrirtæki.
- 1.2 Heimildin nær til þess að veita lánastofnunum ábyrgð ríkissjóðs vegna viðbótarlána þeirra til fyrirtækja sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Heildarábyrgð ríkissjóðs vegna viðbótarlána til allra lánastofnana getur numið allt að 50 ma.kr. Ábyrgðunum er ætlað að liðka fyrir aðgangi fyrirtækja, þá sérstaklega smárra og meðalstórra fyrirtækja sem standa frammi fyrir tímabundnum rekstrarvanda vegna heimsfaraldursins að lausu fé og draga þannig úr áhrifum faraldursins á atvinnulíf og atvinnustig. Lán með ábyrgð ríkissjóðs geta nýst til að greiða fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækis.
- 1.3 Ráðherra var í fyrrnefndum ákvæðum heimilað að semja við Seðlabanka Íslands um að annast framkvæmdina gagnvart lánastofnunum. Jafnframt kemur þar fram að í samningi fjármála- og efnahagsráðherra og Seðlabankans skuli greina nánar frá skilyrðum viðbótarlána með ábyrgð ríkisins, meðal annars um að lántaki greiði ekki arð eða kaupi eigin hluti á meðan ríkisábyrgðar nýtur við, og skilyrðum sem lánastofnanir skuli uppfylla, skiptingu ábyrgða milli lánastofnana, hvernig tryggja megi að fyrirgreiðsla lánastofnana byggist á skýrum, málefnalegum og gagnsæjum forsendum sem leiði til jafnræðis þeirra fyrirtækja sem leita eftir fyrirgreiðslu og hvernig reglubundinni skýrslugjöf skuli háttáð.



- 1.4 Hinn 17. apríl 2020 var undirritaður samningur milli fjármála- og efnahagsráðherra og Seðlabankans um að Seðlabankinn annist framkvæmd á veitingu ábyrgða ríkissjóðs gagnvart lánastofnunum vegna viðbótarlána þeirra til fyrirtækja vegna heimsfaraldurs kórónuveiru.
- 1.5 Með vísan til framangreindra lagaákvæða veitti fjármála- og efnahagsráðherra Seðlabankanum umboð með fyrrgreindum samningi til að ábyrgjast f.h. ríkissjóðs viðbótarlán lánastofnana til fyrirtækja, eins og nánar greinir og með þeim takmörkunum sem tilgreindar eru í samningi þessum. Seðlabankinn ber ekki ábyrgð á greiðslum sem kunna að falla á ríkissjóð á grundvelli ábyrgðanna.
- 1.6 Seðlabankanum var með samningi við ráðherra falið að semja við lánastofnanir um veitingu viðbótarlána með ábyrgð ríkissjóðs. Samkvæmt þeim samningi er gert ráð fyrir að í samningum Seðlabankans við lánastofnanir komi fram að lánastofnanir skuli fara að lögum, reglum og samningum um ábyrgðir ríkissjóðs. Þá skuli í samningunum greint frá umfangi lána sem þær geta veitt með ábyrgð ríkissjóðs og ábyrgðarhlutfalli, skilyrðum fyrir veitingu viðbótarlána, uppgjöri ábyrgða og upplýsingagjöf eins og nánar greinir í samningi þessum.
- 1.7 Með samningi þessum er skapaður grundvöllur fyrir því að hrinda ofangreindu efnahagsúrræði vegna kórónaveirufaraldursins í framkvæmd með þeim skilyrðum sem fram koma í fyrrgreindum lagaákvæðum, samningi fjármála- og efnahagsráðherra við Seðlabankann og samningi þessum milli Seðlabankans og Landsbankans.
- 1.8 Landsbankinn er aðili að samkomulagi um tímabundna greiðslufresti á lánum fyrirtækja vegna heimsfaraldurs Covid-19, sem var undirritað hinn 22. mars 2020.

## **2. ÁBYRGÐ RÍKISSJÓÐS**

- 2.1 Heildarábyrgð ríkissjóðs gagnvart Landsbankanum vegna viðbótarlána bankans til fyrirtækja skal að hámarki nema samtals 20 ma.kr.
- 2.2 Ábyrgðin tekur til allt að 70% af höfuðstól þeirra viðbótarlána sem njóta ábyrgðar í samræmi við ákvæði samnings þessa.

## **3. SKILYRÐI FYRIR VEITINGU ÁBYRGÐAR**

- 3.1. Heimilt er að veita ábyrgðir vegna nýrra viðbótarlána til fyrirtækja, þ.e. lögaðila og eftir atvikum manna sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sem bera hér á landi fulla og ótakmarkaða skattskyldu í skilningi laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.
- 3.2. Ábyrgðir taka eingöngu til lána til fyrirtækja í lausafjárþörf sem verða fyrir verulegu og ófyrirséðu tekjutapi árið 2020. Þetta á við þegar eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
  - 3.2.1. Tekjutap fyrirtækis er ófyrirséð og nemur að lágmarki 40% og unnt er með rökstuddum hætti að rekja það beint eða óbeint til heimsfaraldurs kórónuveiru eða ráðstafana sem honum tengjast að mati Landsbankans. Við mat á tekjutapi er t.a.m. unnt að horfa til tekna sömu mánaða eða tímabils undangengins árs og tekna

samliggjandi mánaða innan ársins 2020. Það skal teljast nægjanlegur rökstuðningur að vísa til opinberra fyrirmæla eða ferðatakmarkana þar sem rökstudd tengsl eru milli tekjutaps og fyrirmæla. Liggi endanlegur og samþykktur ársreikningur vegna ársins 2019 ekki fyrir er Landsbankanum heimilt að styðjast við ársreikning 2018 eða önnur þau gögn sem tiltæk eru og eru fullnægjandi til slíks mats að mati bankans. Heimilt er að horfa til tekjutaps fyrirtækis á samstæðugrunni.

- 3.2.2. Fyrir liggi, að mati Landsbankans, að bankinn hafi gripið til allra þeirra úrræða sem bankinn grípur til undir venjulegum kringumstæðum til að leysa lausafjávanda fyrirtækis til að viðhalda rekstri þess og að fyrirtæki uppfyllir ekki skilyrði sem alla jafna eru sett fyrir frekari lánveitingum af hálfu Landsbankans sem leyst geta lausafjávanda fyrirtækisins vegna heimsfaraldurs kórónuveiru. Vegna ábyrgðar ríkissjóðs getur það hins vegar verið mat Landsbankans að forsendur geti verið til þess að veita fyrirtæki viðbótarlán til þess að leysa þann lausafjávanda sem fyrirtækið á við að eiga vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar þannig að skilyrði geti skapast fyrir því að fyrirtækið verði rekstrarhæft á ný. Landsbankinn getur sett sérstök ákvæði í útlánareglur bankans varðandi viðbótarlán.
- 3.3. Viðbótarlánveiting takmarkast við fyrirtæki þar sem launakostnaður var a.m.k. 25% af heildarútgjöldum undangengins árs. Liggi endanlegur og samþykktur ársreikningur vegna ársins 2019 ekki fyrir er Landsbankanum heimilt að styðjast við ársreikning 2018 eða önnur þau gögn sem tiltæk eru og eru fullnægjandi til slíks mats að mati bankans. Varðandi launakostnað er fullnægjandi að miða við upplýsingar sem fram koma á launaframtali fyrirtækisins eða staðfestingu úr öðrum opinberum gögnum.
- 3.4. Viðbótarlánveiting skal teljast mikilvæg forsenda þess að fyrirtækið geti viðhaldið rekstrarhæfi sínu þrátt fyrir tímabundið tekjutap. Fyrirtæki skal staðfesta í lánsamningi að tilgangur lánsins sé að greiða almennan rekstrarkostnað fyrirtækisins og að óheimilt sé að nota viðbótarlánveitinguna til að endurfjármagna eldri lán eða nota í annað en almennan rekstrarkostnað fyrirtækisins. Til almenns rekstrarkostnaðar teljast t.a.m. laun og launatengd gjöld, rekstraraðföng, húsaleiga og gjaldfært viðhald.
- 3.5. Skilyrði ábyrgðar er að Landsbankinn telji líklegt eða að líkur séu til að fyrirtæki geti orðið rekstrarhæft þegar dregur úr áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru. Í því felst m.a. að Landsbankinn metur hvort fyrirtækið væri rekstrarhæft við venjulegar markaðsaðstæður, þ.e. ef ekki væri fyrir heimsfaraldur kórónuveiru. Auk fyrrnefndra skilyrða gilda ákvæði viðauka I um fyrirtæki í erfiðleikum í skilningi EES-réttar við mat á rekstrarhæfi. Landsbankinn getur óskað yfirlýsingar fyrirtækisins um að fyrirtækið geti staðið í skilum við lánardrottna sína þegar dregur úr áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru. Mat bankans á rekstrarhæfi miðast við þær upplýsingar og áætlanir sem liggja fyrir þegar ákvörðun um lánveitingu er tekin.
- 3.6. Fyrirtæki skal, í lánsamningi við Landsbankann, staðfesta, með yfirlýsingu endurskoðanda þegar unnt er að afla slíkrar yfirlýsingar, að frá 1. mars 2020 hafi ekki verið greiddur út arður, óumsamdir kaupaukar, keypt eigin hlutabréf eða veitt eða greidd lán til eigenda eða nákominna aðila, eða innt af hendi greiðsla á víkjandi láni fyrir gjalddaga, eða greiddar neinar þær greiðslur til eigenda eða nákominna aðila sem ekki eru nauðsynlegar til að

viðhalda rekstri og rekstrarhæfi félagsins. Fyrirtækið skal jafnframt skuldbinda sig til þess að svo verði ekki út þann tíma sem ábyrgðar ríkissjóðs nýtur við. Hugtakið nákominn aðili skal túlkað til samræmis við 3. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Leggja skal mat á fyrrnefnd atriði á samstæðugrunni.

- 3.7. Gert er ráð fyrir að í lánsamningi lántaka við Landsbankann verði hefðbundin ákvæði varðandi lántaka t.d. bann við frekari lántökum og veitingu ábyrgða, veðsetningarbann, tryggingarbann, eigendaskipti að lántaka, greiðslu annarra skuldbindinga, bann við sölu eigna, bann við sameiningu eða uppskipti í fleiri félög, bann við breytingu á starfsemi og tilgangi lántaka, starfsleyfi, váttryggingar, gjaldfellingu o.fl. Í viðauka II er form að lánaskilmálum Landsbankans sem er gert ráð fyrir að verði lagðir til grundvallar.

#### **4. LÁNSTÍML, LÁNSKJÖR OG LÁNSFJÁRHÆDIR**

- 4.1. Hámarksfjárhæð á viðbótarláni til einstakra fyrirtækja getur numið tvöföldum árslaunakostnaði viðkomandi fyrirtækis á næstliðnu ári, þó að hámarki 1,2 ma.kr. Liggi endanlegur og samþykktur ársreikningur vegna ársins 2019 ekki fyrir er Landsbankanum heimilt að styðjast við ársreikning 2018 og önnur þau gögn sem tiltæk eru og eru fullnægjandi til mats á launakostnaði að áliti bankans. Ef fyrirtæki er nýstofnað er unnt að horfa til áætlaðs launakostnaðar næstu 2 ára samkvæmt mati Landsbankans.
- 4.2. Landsbankinn tekur ákvörðun um kjör og skilyrði viðbótarlánsins. Lánskjör Landsbankans skulu þó bera þess merki að bankinn ber aðeins hluta áhættu við veitingu lánsins. Í því skyni að tryggja að stuðningur ríkisins gangi eins og frekast er unnt til fyrirtækja skal bankinn leggja mat á og geta rökstutt að lánskjör séu hagstæðari sökum ábyrgðarinnar, t.a.m. í samanburði við lán sem veitt er án ábyrgðar, og þá jafnframt með vísan til lækkunar stýrivaxta og bankaskatts.
- 4.3. Viðbótarlán með ábyrgð ríkisins skulu veitt á árinu 2020. Ábyrgð ríkissjóðs fellur niður eigi síðar en að 30 mánuðum liðnum frá veitingu lánsins.

#### **5. ÁHÆTTUÁLAG**

- 5.1. Landsbankinn skal standa ríkissjóði skil á áhættuálagi vegna þess hluta höfuðstóls hvers viðbótarláns sem nýtur ábyrgðar. Landsbankinn getur látið áhættuálagið endurspeglast í þeim kjörum sem lántaki nýtur við lántökuna. Álagið reiknast á ársgrunni og skal nema 0,10% hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum en 0,30% hjá stórum fyrirtækjum. Um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum fer eftir lögum um ársreikninga nr. 3/2006.
- 5.2. Áhættuálagið skal gert upp mánaðarlega með greiðslu í ríkissjóð. Landsbankinn skal senda Seðlabanka Íslands skilagrein með nánari sundurgreiningu á álögðu áhættuálagi fyrir lok hvers mánaðar. Greiðsla samkvæmt skilagrein Landsbankans skal innt af hendi fyrir 5. næsta mánaðar inn á reikning ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands.

## **6. VERKLAG VIÐ VEITINGU ÁBYRGÐA OG SKULDBINDINGAR LANDSBANKANS**

- 6.1. Lántakar sækja um viðbótarlán til Landsbankans með venjubundnum hætti og samkvæmt reglum Landsbankans þar um. Landsbankinn vinnur að lánaumsókn lántaka í samræmi við almennar lánareglur bankans og samning þennan. Fallist Landsbankinn á lánaumsókn lántaka fer með útgreiðslu lánsins með sama hætti og varðandi önnur lán bankans gagnvart viðskiptamönnum sínum. Landsbankinn skal senda Seðlabanka Íslands yfirlit og frekari upplýsingar um veitt viðbótarlán sem njóta ríkisábyrgðar samkvæmt samningi þessum fyrir lok hvers mánaðar. Nánara verklag og gögn sem fylgja skulu yfirliti um samþykkt viðbótarlána með ríkisábyrgð mun Seðlabankinn senda Landsbankanum fyrir lok næsta mánaðar eftir undirritun samnings þessa.
- 6.2. Viðbótarlán Landsbankans samkvæmt samningi þessum skulu veitt á skýrum, málefnalegum og gagnsæjum forsendum sem stuðla að jafnræði þeirra fyrirtækja sem leita eftir fyrirgreiðslu. Landsbankinn telst hafa fullnægt ákvæði þessu svo fremi að bankinn fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru í lögum og reglum sem um bankann gilda ásamt stefnumiðum um samfélagslega ábyrgð sem bankinn hefur sett sér. Einnig skal Landsbankinn fullnægja almennum kröfum um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði, sbr. 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
- 6.3. Landsbankinn skal tryggja að lögbundin og samningsbundin skilyrði séu uppfyllt í tilviki hvers lántaka fyrir veitingu viðbótarláns í samræmi við samning þennan og verklag Landsbankans. Ríkisábyrgð viðbótarlána samkvæmt samningi þessum tekur því gildi að undangengnu mati Landsbankans á því að skilyrðum fyrir lánveitingu með ríkisábyrgð séu uppfyllt í tilviki hvers lántaka. Mat bankans á því verður ekki tekið til endurskoðunar. Ríkisábyrgð fellur þá og því aðeins niður að bankinn hafi gerst brotlegur við lög eða eigin reglur í framkvæmd einstakra lánveitinga.

## **7. UPPGIÖR ÁBYRGÐA**

- 7.1. Ríkissjóður ber ábyrgð á tapi af höfuðstól vegna hvers viðbótarláns í samræmi við ábyrgðarhlutfall.
- 7.2. Við greiðslur af hverju viðbótarláni lækkar fjárhæð ábyrgðar ríkissjóðs hlutfallslega á viðkomandi viðbótarláni Landsbankans.
- 7.3. Ábyrgð ríkissjóðs gagnvart Landsbankanum vegna viðbótarlána bankans til fyrirtækja á grundvelli samnings þessa er einföld ábyrgð. Landsbankinn skal nýta hefðbundin úrræði til að endurheimta viðbótarlán í vanskilum og skal ábyrgð ríkissjóðs verða virk við höfðun máls, þ.e. við birtingu stefnu, vegna vanefnda fyrirtækis á ákvæðum lánssamningsins enda hafi málið verið höfðað innan gildistíma ábyrgðar sbr. grein 4.3. Eftir að ábyrgð ríkissjóðs hefur orðið virk við höfðun máls fellur ábyrgðin ekki niður á meðan innheimtu viðbótarláns er ólokið. Greiðsluskylda ríkissjóðs verður virk gagnvart Landsbankanum þegar innheimta viðbótarlánsins er árangurslaus og fullreynt að ekki fáist greiðsla frá lántaka t.d. með árangurslausu fjárnámi. Verði endurheimtur á viðbótarláni eftir að ríkissjóður efnir greiðslu samkvæmt ábyrgðinni á ríkissjóður endurgreiðslukröfu á hendur Landsbankanum í samræmi við ábyrgðarhlutfall. Greiðslur lántaka renna fyrst til greiðslu innheimtukostnaðar, svo til greiðslu vaxta og þá afborgana af höfuðstól.

- 7.4. Landsbankinn skal senda Seðlabankanum formlega tilkynningu um greiðsluskyldu ríkissjóðs gagnvart bankanum á grundvelli ábyrgðar ríkissjóðs samkvæmt samningi þessum. Gögn um að innheimta viðbótarlánsins hafi verið árangurslaus skulu fylgja tilkynningunni.
- 7.5. Uppgjör ábyrgða, þar sem greiðsluskylda ríkissjóðs hefur orðið virk skv. grein 7.3 og 7.4, skal eiga sér stað milli ríkissjóðs og Landsbankans á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti 1. janúar 2021.

## **8. SKIL Á UPPLÝSINGUM OG ÁRANGURSMAT**

- 8.1. Við undirbúning samnings þessa hefur Landsbankinn skilað upplýsingum um mat á stöðu lánasafna bankans með hliðsjón af núverandi aðgerðum stjórnvalda, áætlun um þær aðgerðir sem bankinn hyggst fara í á eigin forsendum til að styðja við sína viðskiptavini, auk mats á þörf fyrir stuðning ríkisins í formi ábyrgða til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt í samningi þessum.
- 8.2. Landsbankinn mun veita Seðlabankanum reglulega upplýsingar á samræmdu formi, þar sem fram koma lykilupplýsingar um nýtingu úrræðisins, stöðu og þróun lánasafna viðbótarlána með ábyrgð ríkissjóð auk lýsigagna. Jafnframt mun Landsbankinn veita Seðlabankanum þær upplýsingar sem Seðlabankinn óskar eftir á hverjum tíma sem nauðsynlegar eru vegna veittra viðbótarlána með ábyrgð ríkissjóðs. Seðlabankinn mun vinna samantekt úr þessum skýrslum Landsbankans og láta fjármála- og efnahagsráðuneytinu í té.
- 8.3. Í samræmi við ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA mun Fjármála- og efnahagsráðuneytið, á grundvelli upplýsinga sem Seðlabankinn móttækur frá Landsbankanum, birta opinberlega upplýsingar um lántaka sem njóta ábyrgðar, innan 12 mánaða frá því lán með ábyrgð er veitt. Landsbankinn skal varðveita öll gögn vegna viðbótarlána með ábyrgð ríkissjóðs í 10 ár. Fjármála- og efnahagsráðuneytið mun jafnframt hafa með höndum skýrslugjöf til Eftirlitsstofnunar EFTA í tengslum við ábyrgðarkerfið.

## **9. EFTIRLIT MEÐ FRAMKVÆMD**

- 9.1. Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum um ríkisábyrgðir skal fjármála- og efnahagsráðherra skipa nefnd til að hafa eftirlit með framkvæmd ákvæðisins. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu á málefnum fjármálamarkaðar. Forsætisráðherra tilnefni einn nefndarmann, samstarfsnefnd háskólastigsins einn og skal einn skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.
- 9.2. Nefndin getur kallað eftir upplýsingum og gögnum um framkvæmd ákvæðisins bæði frá Seðlabankanum og Landsbankanum. Nefndin skal skila ráðherra skýrslu um framkvæmdina á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn fyrir 1. nóvember 2020, en jafnframt skal hún upplýsa ráðherra án tafar ef hún verður vör við brotalamir í framkvæmdinni. Ráðherra skal leggja skýrslur nefndarinnar fyrir Alþingi. Nefndarmenn eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnslulaga.

**10. BREYTINGAR OG VIÐBÆTUR VIÐ SAMNING ÞENNAN**

10.1. Hvers kyns breytingar eða viðbætur við samning þennan skulu gerðar skriflega og vera undirritaðar af báðum samningsaðilum.

**11. GILDISTAKA OG ÖNNUR ÁKVÆÐI**

11.1. Aðilar munu vinna að því að úrræði það sem samningi þessum er ætlað að koma á gagnist þeim fyrirtækjum sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi vegna heimsfaraldurs kórónuveiru, þannig að samræmist reglum sem bankinn setur sér um lánveitingar.

11.2. Aðilar skulu sjálfir bera kostnað og útgjöld sem þeir stofna til í tengslum við samning þennan, framkvæmd hans og þær ráðstafanir sem hér um ræðir.

11.3. Samningur þessi lýtur íslenskum lögum. Ákvæði samningsins skulu vera túlkuð og þeim framfylgt í samræmi við íslensk lög.

11.4. Ágreiningsmál sem tengjast samningi þessum lúta lögsögu íslenskra dómstóla og skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

11.5. Samningur þessi ásamt viðaukum I-II sem eru óaðskiljanlegir hlutar samnings aðila, inniheldur heildarsamkomulag aðila um samningsefnið og þau úrræði sem um ræðir. Samningurinn gildir frá undirritun.

Samningur þessi er samtals 8 blaðsíður ásamt 2 viðaukum.

Til staðfestu framangreindu og með fullri heimild undirrita aðilar samning þennan.

Reykjavík, 8. maí 2020

---

**f.h. Seðlabanka Íslands**

---

**f.h. Landsbankans hf.**

## Viðauki I - Fyrirtæki í erfiðleikum í skilningi EES-réttar

Ábyrgð vegna viðbótarláns verður ekki veitt ef fyrirtækið sem um ræðir var í fjárhagserfiðleikum 31. desember 2019. Fyrirtæki telst hafa verið í fjárhagserfiðleikum á þeim tímapunkti ef a.m.k. eitt af eftirfarandi skilyrðum er uppfyllt, samanber skilyrði í tímabundnum reglum um ríkisaðstoð til stuðnings hagkerfisins vegna yfirstandandi heimsfaraldurs, frá 19. mars 2020:

- i. Um er að ræða félag með takmarkaðri ábyrgð og bókfært eigið fé þess, samkvæmt viðurkenndum reikningsskilaaðferðum, er orðið lægra en nemur helmingi innborgaðs hlutafjár að meðtöldum yfirverðsreikningi.
- ii. Um er að ræða félag þar sem a.m.k. einn aðili ber ótakmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins og bókfært eigið fé þess, samkvæmt viðurkenndum reikningsskilaaðferðum, er orðið lægra en nemur helmingi innborgaðs hlutafjár að meðtöldum yfirverðsreikningi.
- iii. Um er að ræða fyrirtæki sem sætir gjaldþrotameðferð eða uppfyllir skilyrði um að vera tekið til gjaldþrotameðferðar að beiðni kröfuhafa.
- iv. Um er að ræða fyrirtæki sem hefur fengið björgunaraðstoð í skilningi leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um björgun og endurskipulagningu fyrirtækja, og hefur enn ekki endurgreitt lánið eða aflétt ábyrgðinni eða hefur fengið aðstoð til endurskipulagningar og er því enn bundið af samþykktri áætlun um endurskipulagningu.
- v. Eftirtalin skilyrði hafa átt við síðustu tvö reikningsár:
  - a) hlutfall milli bókfærðra skulda fyrirtækisins og eigin fjár hefur verið hærra en 7,5 og
  - b) hagnaður fyrir afskriftir og vexti (EBITDA) nemur lægri fjárhæð en nettófjármagnskostnaður ársins.

Skilyrði (i) og (ii) eiga ekki við um fyrirtæki sem er lítið eða meðalstórt, hafi starfsemi þess staðið yfir í þrjú ár eða skemur. Skilyrði (v) á ekki við um fyrirtæki sem er lítið eða meðalstórt.

Um skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum fer eftir lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

**Viðauki II - Form af lánaskilmálum Landsbankans hf.**



